

Vinnubúðir eftirlitsmanna með stórslysavörnum: Öryggisstjórnkerfi, eftirlit.

MJV, sameiginlega heimsóknardagskráin. Búðirnar haldnar í Fulda á vegum JRC og landsstjórnar Hessen í Darmstadt dagana 27-29.10.2010. FD 2 bls.

Vinnubúðirnar hófust með erindum en að þeim loknum skiptust þátttakendur í fjóra vinnuhópa sem ræddu helstu þætti öryggisstjórnkerfisins og gerðu grein fyrir hópniðurstöðum á sameiginlegum fundi.

Erindi

M. Hailwood hélt erindi um öryggisstjórnkerfi og öryggisárangursvísa. Hann lagði áherslu á að verkefni eftirlitsmanna við að fylgjast með framkvæmd öryggisstjórnkerfisins hjá starfsstöðvunum væru vel skilgreind, þ.á.m. ábyrgð þeirra. P. Schmelzer frá Bayer sagði að framkvæmdin sjálf við notkun kerfanna væri lykilatriði. Hann sagði að nauðsyn væri að hafa starfsmenn starfsstöðvanna sjálfra með við að hanna þjálfunardagskrá og æfingar sem væru mikilvægar til að ná árangri og ekki síst fyrir neyðaráætlanir. Hann sagði að mörg slys yrðu vegna tímabundinna breytinga sem gerðar eru í efnaverksmiðjum. Ræddi hann árangursvísa (t.d. LoPC, Status PPS, Hazard Assessment osfrv) og sagði þá nýtast misjafnlega. Benti hann á netsíður sem gætu í þessu tilliti:

http://www.processnet.org/en/incident_db

M. Wood sagði frá ráðstefnu í Ispra um öryggisárangursvísa (sjá fundargerð hér á heimasíðunni) og benti á heimasíðu JRC þegar varðar eftirlitsaðferðir.

Sex stutt erindi voru flutt um nýleg slysatilvik.

1. Í Chemelot samstæðunni í Niðurlöndum slapp út mikið magn af rauðgasi (NO₂) vegna þess að handdrifin aftöppunarloki hafði verið opnaður. Ferlisstýrikerfi verksmiðjunnar náði ekki yfir lokann, né heldur styrkbreytinguna í ísogsturninum, og uppgötvaðist ekki tilvikið fyrr en fór að myndast rauðbrúnt ský í nágrenni verksmiðjunnar.
2. Tankur fyrir vetnisperoxíð var í misgripum látinn taka á móti DPTA-vísissóðalausn sem olli gasmyndun og sprengingu. Ónóg þjálfun starfsmanna við viðgerðir og viðhald og vinnureglum ábótavant. Starfsmaður virðist hafa brotið reglur, m.a vinnureglur breytingastjórnkerfisins.
3. Við skipti á CO-skynjara í stáliðjuveri lak út mikið magn CO og beið starfsmaður verktaka bana. Vanhöld á viðhaldskerfi og þjálfun verktaka og eftirliti með þeim.
4. Við þvott á tank fyrir kolsúlfíð hafði úrblástur með óvirku gasi ekki lukkast. Komst því loft í tankinn og varð sprengifimur loftskrokkur inni í tanknum og hann sprakk. Vanhöld voru á viðhaldsvinnubrögðum og innra eftirliti.
5. Brennisteinssýrutankur hafði staðið of lengi tómur og hafði ryðmyndun í honum orsakað vetnismyndun. Vetnið blandaðist lofti inni í tanknum þegar hann var opnaður til hreinsunar og viðhalds, sprenging varð og flaug tankurinn nokkra vegalengd.

6. Tankur fyrir títantetraklóríð var yfirfulltur, eiturský (af saltsýru og títanoxíðryki) frá lekanum olli eitrun í nágrenninu. Vanhöld voru á viðhaldsmálum í stöðinni.

Þessi óhöpp voru rædd. Nærri öll má heimfæra á ónóga stjórn viðhaldsvinu eða ónóga breytingastjórn.

Vinnuhópar ræddu eftirlit með eftirfarandi fjórum þáttum öryggisstjórnkerfa:

Hlutverka- og starfsmannaskipulag.

Rætt um aðferðir og tól. Flestir beina eftirlitinu að kerfisbundnum vinnubrögðum og skráningu á þeim, fundargerðum. Verktakar þurfa að reiknast inn í kerfið. Sumir töldu að ekki væri nóg að tala við öryggisstjóra stöðvanna heldur þyrfti eftirlitið að beinast að stjórnendum starfsstöðvanna. Mjög mismunandi útfærslur eru milli landa á eftirlitinu með hlutverkaskipulaginu og þjálfunarmálum.

Auðkenning og mat á stórslysahættum.

Margar aðferðir eru notaðar. Í Þýskalandi eru litlu stöðvarnar látnar hafa gálista til matsins. Í stærri stöðvum eru oft ráðgjafar notaðir, t.d. töldu Svíar að það væri kostur að nota sérhæfða ráðgjafa, jafnvel fyrir minni stöðvarnar. Rætt um hvort nægjanlegt væri að uppfæra ytri neyðaráætlanir á fimm ára fresti. Nokkur umræða spannst um hvort eftirlitsstofnanir þyrftu að “samþykkja” (e. approve) áætlanir, sumir töldu að það ættu eftirlitsstofnanirnar ekki að gera. Einn aðili benti á annað orðalag þó með svipuðu innihaldi. Almenn tala eftirlitsstofnanirnar ekki sérstakar kröfur um hvaða kerfi eru notuð við hættuauðkenninguna eða greininguna.

Breytingastjórn.

Breytingastjórnarreglur er mismunandi hjá aðildarþjóðum ESB. Breytingastjórnkerfið er eitt mikilvægasta tækið í öryggisstjórnkerfinu. Í sumum löndum hefur reynst erfitt að koma á skilvirku breytingastjórnkerfi fyrir litlar starfsstöðvar og hafa eftirlitsstofnanir í stærri löndum reynt að einfalda túlkun og eftirlit. Rætt var um breytingar á starfsmannaskipulagi en reglugerðin minnst ekki á það, aðeins tæki og framleiðsluferli. Vinna við breytingar koma mjög oft við sögu slysatilvika.

Eftirlit og úttekt með öryggisstjórnkerfinu.

Stærri stöðvarnar hafa þetta venjuleg sæmilega skipulagt og utanaðkomandi aðila til úttekta. Þjóðverjar sögðu að ytri úttektir væru á 3 til 5 ára fresti. Hér (sem í öðrum þáttum) eru mjög mismunandi kröfur og aðferðir.

Niðurstöður:

Eftirtektavert er að vinnubrögð við eftirlitið eru mjög mismunandi eftir löndum. Ástæðan er að stjórnvaldsstofnanir á sviðum vinnuverndar, umhverfismála og öryggismála hafa mismunandi ábyrgðarhlutverk eftir löndum í stórslysavörnnum. Þarf því að samræma stórslysaftirlit hvers lands við vinnubrögð þeirrar stofnunar sem sér um Seveso reglurnar. Oft er reynt að sameina eftirlitsheimsóknir vegna annarra eftirlitsverka en það kostar samþæfingu milli stofnana og er seinvirkara en talið af mörgum vera skilvirkt. Litlu og fámennu fyrirtækin eru greinilega oft þannig að erfitt er að aðlaga þau að reglunum. Mörg lönd reyna að skilgreina lágmarkseftirlitskröfur en deila út gálistum og leiðbeiningum til stöðvanna. Fólk úr iðnaðinum taldi á hættuauðkenningin og greiningin væri það grundvallaratriði sem stöðvarnar þyrftu að leggja hvað mesta vinnu í að gera vel samkvæmt öryggisstjórnkerfinu. Gögn um vinnubúðirnar munu birtast á vef JRC.